



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

September 2010 nr. 153

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Njörður Sigurðsson

njordur@hive.is

HVAÐ ERU LÖG? / HVAD ER KYNJASAGA?

HÁDEGISFUNDARÖÐ SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS HEFST 21. SEPTEMBER

Hádegisfundir félagsins veturinn 2009/2010 heppnuðust í alla staði vel. Aðsókn að þeim var mjög góð og á stundum of góð, þar sem salarkynni Þjóðminjasafns voru við það að springa. Stjórn félagsins hafði bryddað upp á þeirri nýbreytni sumarið 2009 að biðja félagsmenn að kjósa milli helstu umræðuefna. Niðurstaða þeirrar kosningar var *Hvað er kreppa?* og *Hvað er dómur sögunnar?* Í ár var sami háttur hafður á. Fyrst var félagsmönnum boðið að tjá sig um efni komandi vetrar á gammabrekku og síðan var kosið milli þeirra efna sem þóttu álitlegust. Efnið sem hve mestar umræður höfðu verið um á Gammabrekku *Hvað er kynjasaga?* hlaut yfirburðakosningu. Þrjú önnur efni komu þar næst á eftir: *Hver er tilgangur sagnfræðinnar?* *Hvað er vald?* og *Hvað eru lög?* Ákvað stjórn félagsins í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið í samfélaginu um stjórnskipun og lög að velja það síðasta nefnda á móti *Hvað er kynjasaga?*

Eins og svo oft áður var auðvelt að fá fyrirlesara en nú bar svo við að stjórn félagsins þurfti ekki að synja neinum þeirra sem sóttust eftir að halda fyrirlestur. Á síðustu árum hefur sú hefð skapast að fá þekktu einstaklinga úr þjóðlífinu til þess að opna hádegisfundina. Þó er það engin regla en í ljósi þess að umræðuefni haustsins er *Hvað eru lög?* þótti það viðeigandi að dóms- og mannréttindamálaráðherra fengi að halda fyrsta fyrirlestur vetrarins. Það var auðsótt en breytingar í ríkisstjórn landsins nú í ágústmánuði urðu þess valdandi að það verður nýbakaður fyrrverandi dóms-

og mannréttindamálaráðherra Ragna Árnadóttir sem mun ríða á vaðið. En á eftir henni mun blanda af sagnfræðingum og lögfræðingum ræða hina stóru spurningu *Hvað eru lög?* út frá hinum ýmsu hliðum. Spurningu sem nú á stjórnlagabings- og umrótartímum er mjög umhugsunarverð.

Eftir áramót mun Erla Hulda Halldórsdóttir hefja vormisserið undir yfirskriftinni *Hvað er kynjasaga?* Umræðan á Gammabrekku um það fyrirlestraefni er líklega með lengri og ítarlegri umræðum um fundarefni sem hafa verið þar og vonandi verður það sama upp á teningnum á fundunum sjálfum. Skemmtilegt er frá því að segja að þegar fyrstu tillögurnar að fyrirlestrum fóru að berast stjórninni voru það einungis karlkyns sagnfræðingar sem sendu inn og leit jafnvel út fyrir það að undir yfirskriftinni *Hvað er kynjasaga?* myndu aðeins karlar tala! Það var ekki fyrr en á síðustu metrunum sem kvenkyns sagnfræðingar tóku við sér og kynjaskiptingin varð jöfn sem sýnir að karlmenn hafa alveg jafnmikinn áhuga á kynjasögu eins og kvenmenn, eða réttara sagt að kvenmenn hafi alveg jafnmikinn áhuga á kynjasögu eins og karlmenn!

Stjórn félagsins vonar að flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi en vill minna félagsmenn og aðra á að allir fyrirlestrar félagsins eru hljóðritaðir og eins fljótt og auðið eru þeir settir á vef félagsins www.sagnfraedingfelag.net þar sem hægt er að nálgast þá.

Valur Freyr Steinarsson

**Hádegisfundir Sagnfræðingafélags Íslands
eru í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands annan hvern þriðjudag í vetur og
standa á milli kl. 12:05 og 13:00**

**Upplýsingar um hádegisfundina á vef Sagnfræðingafélagsins
www.sagnfraedingafelag.net**

FRÁ SÖGUFÉLAGI

Eins og til háttar í litlu samfélagi er menningar- og fræðastarfsemi af því tagi sem Sögufélag stundar útilokuð án utanaðkomandi styrkja. Líkt og á flestum sviðum þjóðfélagsins hefur fjármálakreppan komið niður á starfsemi félagsins. Fjárstuðningur sem Alþingi hefur veitt Sögufélagi til útgáfu rita á sviði sögu og sagnfræði hefur verið skorinn niður svo um munar. Jafnframt hafa aðrir aðilar sem styrkt hafa Sögufélag horfið af sjónarsviðinu. Má t.d. nefna að Glitnir styrkti útgáfu Smárita Sögufélags. Bókabúðir hafa orðið gjaldþrota og við það hefur Sögufélag tapað fé sem félagið átti inni hjá þessum fyrirtækjum. Á sama tíma hefur allur kostnaður við útgáfu aukist umtalsvert. Stjórn félagsins hefur nú á undanförunum misserum leitað allra leiða til að mæta þessum áföllum og treysta stöðir félagsins til framtíðar.

Félagsfundur var haldinn í vor til að ræða fjármál félagsins. Stefna stjórnar er að taka einungis lán til útgáfunnar ef nauðsyn krefur en stofna ekki til skulda vegna almenns reksturs félagsins. Félagsmenn eru nú á áttunda hundruð og er sérstaklega ánægjulegt að geta tilkynnt það að nýnemar í sagnfræði við Háskóla Íslands hafa gengið til liðs við félagið undanfarið. Það eru einnig gleðitíðindi að lítið hefur borið á því að félagsmenn hafi sagt sig úr félaginu af fjárhagsástæðum. Hins vegar vekur það enn spurningar hjá stjórn félagsins af hverju *allir* sagnfræðingar eru ekki félagsmenn og hvetjum við hér með alla sagnfræðinga að ganga í félagið (sogufelag@sogufelag.is).

Þrátt fyrir erfiðan fjárhag gengur útgáfa Sögufélags vel. Flaggskipið, tímaritið *Saga*, kom út í vor að venju og nú fer að stytast í seinna hefti ársins. Smáritið *Ferðadagbækur Magnúsar Stephensen 1807-1808*, í útgáfu Önnu Agnarsdóttur og Þóris Stephensen, kom út í júní og verður kynnt betur í haust. Næsta smárit fjallar um bréfaskipti Brynjólfs Péturssonar og Gríms Thomsen og er Hjalti Snær Ægisson bókmennta-

fræðingur að búa bókina til prentunar. Rit Helga Skúla Kjartanssonar *Ísland á 20. öld* varð uppselt í vor. Bókin var á sínum tíma tilnefnd til bókmenntaverðlauna og var prentuð í tvígang. Í sumar var ráðist í að endurskoða hana og er önnur útgáfa nýkomin út. Lesendur *Fréttabréfs Sagnfræðingafélags Íslands* hafa kannski áhuga á að fylgjast með útgáfukostnaði. Prentkostnaður hefur aukist allverulega og er það engin launung að þau 500 eintök sem nú voru framleidd kosta 5.000 kr. stykkið beint úr prentsmiðju. Þá á eftir að greiða höfundarlaun og ýmsan annan kostnað. Bókin verður seld á 7.900 kr. til félagsmanna en 10.900 úr búð.

Mikið tilhlökkunarefni er bók Páls Björnssonar sem ber vinnutilinn *Jón Sigurðsson forseti: Samband þjóðar og hetju í 200 ár, 1811–2011*. Sögufélag hefur hlotið veglegan styrk frá Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar til útgáfunnar. Er hún væntanleg í maí á næsta ári.

Í júní 2001 var undirritað samkomulag milli Sögufélags og Alþingis um samstarf varðandi útgáfu á Gerðum yfirréttar Alþingis og extralögþinga (*Acta yfirréttarins*). Björk Ingimundardóttir er nú tilbúin með fyrsta bindið og hefur öflugra nefnd skipaða af Sögufélagi og Þjóðskjalasafni Íslands sér til aðstoðar. Farið var á fund forseta Alþingis í byrjun þessa árs. Ekki vantar áhugann hjá stjórnvöldum en við bíðum enn eftir krónunum. Annað stórt verkefni er í undirbúningi en ekki tímabært að segja frá því að svo stöddu. Loks má nefna að stefnt er að því að halda félagsfundum á næstunni þar sem fjallað verðum um útgáfurit félagsins. Margt er á döfnni hjá Sögufélagi og hvetjum við alla sagnfræðinga til að leggja sitt af mörkum til þess að þetta gamla rótgróna útgáfufélag okkar standi traustum fótum til framtíðar.

F. h. stjórnar
Anna Agnarsdóttir og Ólafur Rastrick

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands, er á slóðinni:
<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:
<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

FRÁ AÐALFUNDI 2010

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands var að venju haldinn í húsi Sögufélags í Fichersundi og fór hann fram laugardaginn 27. mars sl. Fundurinn hófst kl. 17 og var mæting sæmileg. Fyrsta mál á dagskrá að kjósa fundarstjóra og var Guðmundur Jónsson valinn einróma. Íris Ellenberger, fráfarandi formaður, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í starf félagsins sl. starfsár. Í starfi félagsins stóð hæst hádegisfundirnir sem eru orðnir fastir liðir í fræðasamfélaginu. Tveir félagsfundir voru haldnir á árinu, annars vegar þar sem Dr. Hugh Reid frá Carleton-Háskóla í Ottawa í Kanada fjallaði um áskriftarlista við bókaútgáfu á 18. öld og hins vegar árlegur bókafundur Sagnfræðingafélagsins og Sögufélags. Félagið stóð einnig að tveimur ráðstefnum á starfsárinu. Hluti hádegisfyrirlestra haustmíssis var fluttur norður á Akureyri og tók þar á sig mynd ráðstefnu sem bar titilinn *Hvað er kreppa?* Vorið 2009 var svo landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélagsins og Félags þjóðfræðinga á Íslandi endurvakin í samvinnu við Þjóðfræðistofu, ReykjavíkurAkademíuna og heimamenn á Ströndum þar sem ráðstefnan var haldin. Þótti hún takast afar vel og mikill vilji að hún verði að föstum lið í starfi félaganna. Þá stóð félagið fyrir skemmtiferð í Borgarnes þar sem snæddur var kvöldverður og notið sýningar Einars Kárasonar, *Stormar og styrjaldir*. Sagnfræðingafélagið gerði einnig könnun á kjörum sagnfræðinga þar sem spurt var um launavæntingar þeirra en niðurstöður hennar voru birtar á vef félagsins og í síðasta fréttabréfi.

Ársskýrslan var borin undir atkvæði og samþykkt einróma af fundarmönnum. Valur Freyr Steinarsson, gjaldkeri félagsins, lagði fram endurskoðaða reikninga og gerði grein fyrir þeim. Voru þeir jafnframt samþykktir einróma. Gjaldkeri lagði jafnframt til að árgjald félagsins yrði það sama og á síðasta ári eða kr. 2.800. Hann útskýrði einnig að bankinn tæki til sín kr. 230 fyrir hvern greiðsluseðil sem er sendur og því væri gjaldið sem hver félagsmaður greiddi kr. 3.030. Fundarstóri bar tillögu gjaldkera að árgjaldi upp til atkvæða og var það samþykkt einróma.

Þá var komið að stærsta einstaka lið fundarins en það voru lagabreytingar. Sérstaklega er fjallað um afgreiðslu aðalfundar á tillögum að lagabreytingum á bls. 4-6 í fréttabréfinu.

Eftir afgreiðslu á lagabreytingum var komið að kjöri stjórnar. Formaður og tveir stjórnarmenn gengu úr stjórn, þau Íris Ellenberger formaður, Guðbrandur Benediktsson varaformaður og Valur Freyr Steinarsson gjaldkeri. Fyrst fór fram kjör formanns. Upp var borin tillaga um Val Frey Steinarsson. Var hún samþykkt einróma. Næst var kjörinn einn stjórnarmaður. Upp var borin tillaga um Ólaf Arnar Sveinsson og var hún samþykkt einróma. Að lokum var kjörinn annar stjórnarmaður. Upp var borinn tillaga um Hugrúnu Reynisdóttur og var hún samþykkt einróma. Kjör tveggja endurskoðenda. Báðir endurskoðendur reikninga félagsins, þau Gísli Gunnarsson og Sesselja G. Magnúsdóttir, gefa áfram kost á sér. Samþykkt einróma. Kjör tveggja fulltrúa í Landsnefnd sagnfræðinga til eins árs. Sigrún Sigurðardóttir gaf áfram kost á sér og var það samþykkt einróma. Upp var borin tillaga að Þórunn Guðmundsdóttir tæki sæti Halldórs Bjarnasonar sem lést á árinu. Samþykkt einróma.

Írisi Ellenberger var að lokum þökkuð vel unnin störf síðustu tvö ár sem formaður félagsins. Þáðu léttar veitingar í boði félagsins í fundarlok og var svo haldið á veitingahús í miðbænum og snæddur þar kvöldverður.

Að þessu sinni var ekki boðið upp á fræðsluerindi að loknum aðalfundi en margir fundarmenn höfðu sótt málþing til heiðurs Halldóri Bjarnasyni fyrir aðalfundinn.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands 2010-2011

Valur Freyr Steinarsson, formaður.
Þórunn Guðmundsdóttir, varaformaður.
Ólafur Arnar Sveinsson, ritari.
Hugrún Reynisdóttir, gjaldkeri.
Njörður Sigurðsson, ritstjóri fréttabréfs.
Karl Jóhann Garðarsson, vefstjóri.
Brynhildur Einarsdóttir, meðstjórnandi.

BREYTINGAR Á LÖGUM SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS

Á aðalfundi voru teknar fyrir tillögur stjórnar að breytingum á lögum Sagnfræðingafélags Íslands. Stjórn félagsins hafði auglýst umfangsmiklar tillögur að lagabreytingum í fréttabréfinu sem út kom fyrir aðalfundinn. Lagði fundarstjóri til að fjallað yrði um hverja grein fyrir sig þar sem breytingar væru lagðar til. Valur Freyr Steinars-son gjaldkeri kynnti breytingarnar fyrir hönd stjórnar. Sagði hann fyrst almennt frá hvað breytingarnar fælu í sér og kynnti síðan breytingarnar lið fyrir lið.

Afgreiðsla aðalfundar á breytingartillögum voru eftirfarandi:

Tillögur stjórnar um breytingu á 4. gr. Við bætist nýr texti svohljóðandi: „Ef félagsmaður svo sannað sé gengur í berhögg við lög eða siðareglur félagsins, getur stjórn félagsins vikið honum úr félaginu. Ef félagsmanni er vikið úr því á grundvelli brota gegn lögum eða siðareglum þarf að bera brottreksturinn undir félagsmenn á félagsfundi eða aðalfundi. Telst brottreksturinn gildur ef meirihluti fundarmanna greiðir honum atkvæði sitt.“

Upp var borin breytingatillaga við tillögu stjórnar þess efnis að stjórnin hefði heimild til að veita félagsmanni áminningu fremur en að hún hefði eingöngu það vald að vísa félagsmanni úr stjórn gerist hann brotlegur gegn lögum og siðareglum félagsins. Breytingatillagan var svohljóðandi að á eftir orðunum „getur stjórn félagsins“ bætist við „veitt honum áminningu eða“ og á eftir orðunum „vikið honum úr félaginu“ bætist við „ef ávirðingar eru alvarlegar.“

Tillaga stjórnar með breytingatillögu við 4. gr. samþykkt samhljóða. 4. gr. laganna eftir breytingar er því svohljóðandi:

„4. gr. Skyldur félagsmanna

Félagsmenn skulu greiða árgjald félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Félagsmenn sjötugir eða eldri eru gjaldfrjálsir. Við inngöngu gangast menn undir lög og siðareglur félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að vikja félagsmanni úr félaginu skuldi viðkomandi tvö eða fleiri árgjöld. Ef félagsmaður svo sannað sé gengur í berhögg við lög eða siðareglur félagsins, getur stjórn félagsins veitt honum áminningu eða vikið honum úr félaginu ef ávirðingar eru alvarlegar. Ef félagsmanni er vikið úr því á grundvelli brota gegn lögum eða siðareglum þarf að bera brottreksturinn undir félagsmenn á félagsfundi eða aðalfundi. Telst brottreksturinn gildur ef meiri-

hluti fundarmanna greiðir honum atkvæði sitt.“

Tillögur stjórnar við 6. gr. Orðin „bréflaga með minnst tíu daga fyrirvara“ falli brott en nýr texti verði „með opinberri auglýsingu (s.s. í fréttabréfi, gegnum póstlista félagsins eða í fjölmiðlum með minnst 10 daga fyrirvara.“ Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: „Formaður lýsir eftir framboðum til fundarstjóra aðalfundar sem að loknu kjöri tekur við fundarstjórn.“ Orðin „Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Í upphafi fundar skal hann ganga úr skugga um að löglega hafi verið til hans boðað og“ og orðin „nema þeim sem lúta að breytingum á lögum félagsins (sbr. 9. gr.)“ falli brott en nýr texti verði „Aður en fundur er settur skulu liggja frami gögn þess efnis að til fundarins hafi verið löglega boðað. Ef áhöld eru um að rétt hafi verið staðið að fundarboði, skal kjörinn fundarstjóri skera úr um lögmæti fundarins. Fundarstjóri“. Einnig er bætt við setninguna: „Á fundinum ræður einfaldur ...“ aukasetningin „að breytingartillögu undanskyldum (sbr. 9. gr.)“ og tekin út setningin „nema þeim sem lúta að breytingu á lögum félagsins (sbr. 9. gr.)“.

Umræður urðu nokkrar um þessa grein laganna. Kom fram tillaga að orðalagið í núgildandi lögum „nema þeim sem lúta að breytingum á lögum félagsins (sbr. 9. gr.)“ fengi að halda sér og því félli á brott tillaga stjórnar um breytingu á þeim orðum svohljóðandi „að breytingatillögu undanskyldum (sbr. 9. gr.)“. Tillaga stjórnar með breytingartillögu við 6. gr. samþykkt samhljóða. 6. gr. laganna eftir breytingar er því svohljóðandi:

„6. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fundinn skal halda í mars ár hvert. Til hans skal stjórn félagsins boða með opinberri auglýsingu (s.s. í fréttabréfi, gegnum póstlista félagsins eða í fjölmiðlum með minnst 10 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera svohljóðandi:

Formaður lýsir eftir framboðum til fundarstjóra aðalfundar sem að loknu kjöri tekur við fundarstjórn.

Ársskýrsla stjórnar kynnt og lögð fram til samþykktar.

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins kynntir og lagðir fram til samþykktar. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár Lagabreytingar (sbr. 9. grein).

Kjör stjórnar (sbr. 8. gr.). Kjör tveggja endurskoðenda reikninga og tveggja

BREYTINGAR Á LÖGUM SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS

fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.

Önnur mál.

Áður en fundur er settur skulu liggja frammi gögn þess efnis að til fundarins hafi verið löglega boðað. Ef áhöld eru um að rétt hafi verið staðið að fundarboði, skal kjörinn fundarstjóri skera úr um lögmati fundarins. Fundarstjóri skal fylgja almennum venjum um fundarsköp. Einungis félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Á fundinum ræður einfaldur meirihluti í öllum málum nema þeim sem lúta að breytingum á lögum félagsins (sbr. 9. gr.). Ársskýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar skulu birtir í fréttabréfi og/eda á heimasíðu félagsins. Halda skal fundargerð um aðalfund og skal fundarstjóri staðfesta hana með undirskrift sinni.“

Tillögur stjórnar við 7. gr. Á eftir setningunni „Skal boða til félagsfunda með sama hætti og til aðalfunda og fundarsköp skulu vera þau sömu“ komi nýr texti svohljóðandi: „Félagsfundur getur vikið stjórn félagsins frá störfum eða einstökum stjórnarmeðlim, ef til hans var rétt boðað og meirihluti fundarmanna greiða brottvikningunni atkvæði sitt. Ef formanni eða meir en 1/3 af stjórninni er vikið frá störfum skal boða strax til aukaaðalfundar, með sama hætti og aðalfund.“ Umræður urðu miklar um þessa tillögu stjórnarinnar og var ákveðið að draga tillöguna til baka. 7. gr. laganna er því óbreytt.

Tillögur stjórnar við 8. gr. Aftan við embættisheitið ritari, bætist eftirfarandi texti svohljóðandi: „sem jafnframt er skjálavörður félagsins“. Orðin „Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðal- og félagsfunda. Hún skipuleggur starf félagsins og sér jafnframt um að framkvæma ákvarðanir félags- og aðalfunda. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum í umboði sínu. Stjórn skipa sjö félagsmenn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, vefstjóri, ritstjóri fréttabréfs og meðstjórnandi. Á aðalfundi skal formaður kjörinn til eins árs í senn og er enginn kjörgengur lengur en fjögur ár í röð. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn, þrjú ár hvert, og er enginn þeirra kjörgengur lengur en fjögur ár í röð. Enginn má þó sitja í stjórn lengur en sex ár samfelld. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund ár hvert skiptir hún með sér verkum.“ falli brott en nýr texti verði „Á aðalfundi skal formaður kjörinn til

tveggja ára í senn og getur enginn setið lengur sem formaður en í sex ár. Ef fleiri en tveir bjóða sig fram til formanns skal kjósa í tveimur umferðum, þar sem í síðari umferðinni skal kosið milli tveggja efstu. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn á aðalfundi. Enginn má þó sitja í stjórn lengur en sex ár samfelld. Kosning stjórnarmeðlima skal fara þannig fram að kosið er um hvern frambjóðanda sér og skulu þeir ganga í stjórn sem flest atkvæði fá. Ef frambjóðendur fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund ár hvert skiptir hún með sér verkum. Óski formaður þess að hætta áður en kjörtímabilið rennur út, skal varaformaður taka við og stjórn skipa nýjan varaformann fram að næsta aðalfundi úr hópi stjórnar. Óski stjórnarmeðlimur eftir lausn frá störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal stjórnin skipta með sér störfum hans fram að næsta aðalfundi. Ef meir en 1/3 stjórnar hættir skal boða til aukaaðalfundar á sama hátt og kemur fram í 7. grein.“

Upp var borin breytingartillaga að orðið „stjórnarmeðlimur“ falli út og orðið „stjórnarmaður“ komi í staðinn.

Tillaga stjórnar að breytingum á 8. gr. ásamt breytingartillögu samþykktar einhljóða. 8. gr. laganna eftir breytingar er því svohljóðandi:

„8. gr. Stjórn

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðal- og félagsfunda. Hún skipuleggur starf félagsins og sér jafnframt um að framkvæma ákvarðanir félags- og aðalfunda. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum í umboði sínu.

Stjórn skipa sjö félagsmenn:

Formaður

Varaformaður

Ritari, sem jafnframt er skjálavörður

félagsins

Gjaldkeri

Vefstjóri

Ritstjóri fréttabréfs

Meðstjórnandi.

Á aðalfundi skal formaður kjörinn til tveggja ára í senn og getur enginn setið lengur sem formaður en í sex ár. Ef fleiri en tveir bjóða sig fram til formanns skal kjósa í tveimur umferðum, þar sem í síðari umferðinni skal kosið milli tveggja efstu. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í (framhald á bls. 6)

BREYTINGAR Á LÖGUM SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS

(framhald af bls. 5)

*senn á aðalfundi. Enginn má þó sitja í stjórn lengur en sex ár samfellt. Kosning stjórnarmaður skal fara þannig fram að kosið er um hvern fram-
bjóðanda sér og skulu þeir ganga í stjórn sem flest atkvæði fá. Ef frambjóðendur fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund ár hvert skiptir hún með sér verkum.*

Óski formaður þess að hætta áður en kjörtímabilið rennur út, skal varaformaður taka við og stjórn skipa nýjan varaformann fram að næsta aðalfundi úr hópi stjórnar. Óski stjórnarmaður eftir lausn frá störfum áður en kjörtímabili hans lykjur skal stjórnin skipta með sér störfum hans fram að næsta aðalfundi. Ef meira en 1/3 stjórnar hættir skal boða til aukaaðalfundar á sama hátt og kemur fram í 7. grein.

Stjórnin telst ályktunarhæf ef fjórir eða fleiri stjórnarmenn sitja fund. Einfaldur meirihluti ræður á fundum stjórnar. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi er leggja skal fram til samþykktar í byrjun næsta fundar.“

Tillögur stjórnar við 9. gr. Orðin „Til lagabreytinga þarf samþykki minnst 2/3 fundarmanna“ falli brott en nýr texti verði „Skal atkvæðagreiðsla um lagabreytingar fara fram með þeim hætti að kosið er sérstaklega um hverja lagagrein. Fundarmenn geta lagt fram breytingartillögur við auglýstar lagabreytingar ef 2/3 fundarmanna samþykkir að

þær séu lagðar fram. Kjósa skal fyrst um breytingartillögur. Einfaldan meirihluta þarf til þess að breyta lögum félagsins.“

Rætt var nokkuð um tillögu stjórnarinnar að einfaldan meirihluta þyrfti til að breyta lögum félagsins og var bent á að venjulega þyrfti aukinn meirihluta til þess í flestum félögum. Akveðið var að draga til baka síðustu setningu tillögunnar við 9. gr. „Einfaldan meirihluta þarf til þess að breyta lögum félagsins“ og eldra ákvæði gildi áfram „Til lagabreytinga þarf samþykki að minnsta kosti 2/3 fundarmanna“.

Tillaga stjórnar að breytingum á 9. gr. samþykktar einhljóða. 9. gr. laganna eftir breytingar er því svohljóðandi:

„9. gr. Lagabreytingar

Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar í fundarboði. Skal atkvæðagreiðsla um lagabreytingar fara fram með þeim hætti að kosið er sérstaklega um hverja lagagrein. Fundarmenn geta lagt fram breytingartillögur við auglýstar lagabreytingar ef 2/3 fundarmanna samþykkir að þær séu lagðar fram. Kjósa skal fyrst um breytingartillögur. Til lagabreytinga þarf samþykki að minnsta kosti 2/3 fundarmanna.“

Fundarstjóri bar lögin með samþykktum breytingum upp til atkvæða og voru þau samþykkt einróma.

NÁTTÚRA OG VIRKJANIR - NÝ DOKTORSRANNSÓKN

Í júní 2010 kom út ritið *Þar sem fossarnir falla. Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900–2008* eftir Unni Birnu Karlsdóttur sagnfræðing. Um er að ræða doktorsrannsókn Unnar Birnu á íslenskri náttúrusýn eins og hún birtist í umræðu um náttúru og virkjun vatnsaflsins á tímabilinu frá því um 1900 og fram á allra síðustu ár. Hér er um yfirgripsmikið efni að ræða en til afmörkunar velur höfundur tiltekna þætti í sögu viðhorfa til náttúru og virkjana, nánar tiltekið fossamálið á fyrsta fjórðungi 20. aldar, Gullfossþátt virkjana-umræðunnar frá því um 1900 og fram til samtímans, Laxárdeiluna í kringum 1970, Þjorsárveradeiluna sem stóð með hléum í um fjóra áratugi og er enn óleyst, og átökin um og upp úr aldamót-

unum 2000 um Fljótsdalsvirkjun og Kárahnjúka-virkjun. Bókin varpar ljósi á eina djúpstæðustu og margþættustu innbyrðis deilu íslensku þjóðarinnar síðastliðin hundrað ár; deilu sem bæði endurspeglar sögu viðhorfa Íslendinga til náttúru lands síns og sjálfsmynd þeirra í tengslum við sambúðina við hana. Fylgt er slóð hugmyndafræðilegra átaka milli þeirra sem lögðu áherslu á virkjun vatnsorkunnar og þeirra sem héldu sjónarmiðum náttúruverndar á lofti.

Hið íslenska bókmenntafélag gefur bókina út og hún er sú þriðja í ritröðinni Umhverfisrit Bókmenntafélagsins. Bókin fæst í öllum betri bóka-búðum.

WWW.SOGUSLODIR.HI.IS

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra hóf starfsemi á Skagaströnd í nóvember í fyrra. Það er hið sjöunda sem Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands hefur sett upp í þeim tilgangi að skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Fræðasetrin, sem eru sjálfstæðar rannsóknarstofnanir, eru jafnframt vettvangur fyrir samstarfsverkefni með sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Rannsóknarsvið seturs á Skagaströnd er sagnfræði og fyrir því fer Lára Magnúsardóttir.

Setrið opnaði formlega með pomp og prakt um leið og sjávarlíftækni-setrið Biopol tók nýjar rannsóknarstofur í notkun. Bæði hafa skrifstofur sínar í gamla kaupfélagshúsinu á Skagaströnd sem er nýuppgerð sem skrifstofuhúsnæði. Í fjölmennri veislu sýndu sagnfræðingar meðal annarra hlýhug sinn til setursins og Anna Agnarsdóttir, prófessor og forseti Sögufélags, og Eggert Þór Bernharðsson, deildarforseti sagnfræði- og heimspekideildar, afhentu setrinu bókagjafir.

Þar var einnig tilkynnt að Elín Hannesdóttir ekkja Halldórs Bjarnasonar heitins sagnfræðings ætlar að færa setrinu að gjöf sagnfræðibókasafn Halldórs sem var bókasafnari frá unglingsaldri. Safnið verður skráð í Gegni en ekki liggur enn fyrir hvar það verður til húsa.

Sagnfræðisetur úti á landi er nýjung í íslensku háskólalífi og þess vegna er það ærið verkefni að ákveða hvernig verði best staðið undir væntingum. Það er áhugavert tækifæri fyrir hugvísindi að tengja rannsóknir sínar samfélagi og atvinnuþróun með þeim hætti sem er markmið Stofnunar fræðasetra. Sömuleiðis þarf að taka tillit til annarra þátta sem teljast á sviði setursins, s.s. rannsókna á sviði munnlegrar sögu, virkni forstöðumanns í rannsóknunum, námskeiðahaldi og móttöku gestafræðimanna. Bókagjöfin höfðinglega bætir möguleika setursins stórkostlega eins og gefur að skilja, en ekki síst skapar hún raunverulega færi á því að bjóða hvers konar vinnuástöðu á setrinu. Stefnumótun fyrir setrið og samræming markmiða hefur verið í brennidepli allt fyrsta starfsárið og þáttur í því er auðvitað að finna bókasafninu gott heimili, auk þess að marka setrinu fræðilega sérstöðu. Stefnt er að því að stefna fyrir setrið verði komin í fastar skorður þegar liða tekur á haustið.

Frá upphafi var ákveðið að hluti starfsemi fræðasetursins yrði helgað um munnlegri sögu og því var strax hafist handa við að undirbúa verkefni á því

sviði. Það er verkefni um hljóðskjalasafn, sem felur í sér að skapa forsendur fyrir samræmdri skráningu og landsaðgengi að hljóðheimildum. Verkefnið er unnið með Ísmús/Tónlistarsafni Íslands, Miðstöð Munnlegrar sögu, Landsbókasafninu og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Að því hafa einnig komið skráningarfyrirtækið Lausn ehf. á Hvammstanga og nú þegar er byrjað að flytja gamlar hljóðritanir frá Fræðafélagi Vestur-Húnvetninga í stafrænt form og undirbúa fyrir skráningu í gagnagrunn. Vonir standa til að með því að stuðla að samvinnu þeirra sem hafa þekkingu á heimildum sem verða til við upptökur á hljóði, og mynd í seinni tíð, megi skapa vettvang fyrir tryggari varðveislu og betra aðgengi fyrir fræðimenn jafnt og almenning. Þannig megi sömuleiðis stuðla að auknum rannsóknum á sviði munnlegrar sögu.

Staðreyndir málsins eru hins vegar þær að einmannsstofnunum sem fræðasetur á landsbyggðinni eru að upplagi er ætlað að útvega sjálfar fé til verkefna og starfseminnar sjálfar að miklu leyti. Enn sem komið er veit því enginn hversu miklir styrkir fást til verkefnanna og á meðan beðið er eftir niðurstöðum styrkveitenda er ekki annað að gera en að vinna að kappi að fleiri umsóknum og öðrum aðkallandi málefnum.

Eitt af því sem gert er í fræðasetri er að gefa fræðimönnum kost á að kynna rannsóknir sínar og stuðla að markvissari samfélagsumræðu með því að koma fræðilegri umræðu á framfæri við almenning. Í beinu framhaldi af opunarhátíðinni í apríl hélt fræðasetrið málþing í samvinnu við sveitarfélagið Skagaströnd um sögu pólitískra samskipta Íslands við önnur ríki. Þar fluttu Anna Agnarsdóttir, Helgi Þorláksson, Jón Þ. Þór, Unnur Birna Karlsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir erindi, Oddný Eir Ævarsdóttir var fundarstjóri og Ármann Jakobsson stýrði umræðum. Að því loknu var sveitarstjórinn á Skagaströnd, Magnús B. Jónsson leiðsögumaður í ferð í Kálfshamarsvík í fögru veðri. Þingið var ágætlega sótt, meðal annars af sagnfræðingum, og heppnaðist vel í alla staði. Í júní kom Karl Aspelund frá Bostonháskóla og sagði frá lýsingum Bandaríkjamannsins S.S. Howlands á ferðum sínum um Norðurland árið 1873 við góðar undirtektir. Nú í september verður haldin ráðstefna um ímyndir og framtíð þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar. Fræðasetrið tekur svo þátt í vísindaviku Rannís síðar í september með vísindakaffi þar sem starfsemi þess og verkefnið um hljóðskjalasafn verður kynnt.

Lára Magnúsardóttir

Helgina 21. – 23. maí sl. hélt föngulegur hópur frá aðalbyggingu Háskóla Íslands og var förinni heitið alla leið til Hafnar í Hornafirði. Veður var með afbrigðum gott og má segja að veðrið og góða skapið hafi fylgt hópnum alla ferðina. Ferðin austur gekk vonum framar og spurningakeppnin bus-quiz sem Íris Ellenberger hafði útbúið stytta fólki stundir að Mýrdal. Þegar þangað var komið tók Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur að sér að segja frá ýmsu áhugaverðu sem á leið okkar varð. Klukkan var að ganga níu þegar hópurinn kom loksins að Hala í Suðursveit þar sem gist var. Okkur var boðið til veislu á Þórbergsetrinu og að henni lokinni fræddi Þorbjörg Arnórsdóttir forstöðumaður þess um setrið og bauð ráðstefnugestum upp á að dreypa á svokölluðu „strandi“ sem flestir þáðu, enda lúnir eftir langt ferðalag. Að því búnu talaði Fjölur Torfason frá Hala um sögusýningu sem búin var að setja upp um staðinn og þótti mörgum áhugaverðar hugmyndir koma fram í máli Fjölnis.

Laugardagurinn byrjaði snemma með morgunmat og fyrirlestur. Aðstaðan á Þórbergsetrinu var til fyrirmyndar sem og morgunmaturinn. Fyrstur á vaðið reið Julian D’Arcy bókmenntafræðingur með fyrirlestur sinn: „Áfram með smjérið.“ *Vandamálið við að þýða Þórberg á ensku.* Gerður var mjög góður rómur að fyrirlesturinum og oft hlegið dátt, enda erfitt að þýða eða fjalla um Þórberg án þess að slegið sé á léttu strengi. Sömu sögu má segja af fyrirlestri Rósu Þorsteinsdóttir þjóðfræðings: *Að segja hverja sögu eins og hún var. Söfnun Hallfreðar Arnar Eiríkssonar á sögum úr Suðursveit.* En hún sagði m.a. frá hve margar mismunandi útgáfur væru til í sveitinni af sömu þjóðsögunni og virðist sem hver ný kynslóð sveitunga bæti frekar í en kynslóðin á undan. Már Jónsson sagnfræðingur rak síðan smiðshöggjöð á þennan fyrsta hluta ráðstefnunnar með fyrirlestri sínum: *Rúmföt í Skaftafellssýslum um miðbik 19. aldar.* Fyrirlesturinn byggði hann á heimildum úr skiptabókum/gjörðabókum sýslumanna. Í þær voru færðar eignir og skuldir látinna einstaklinga og eru um margt áhugaverðar heimildir um þau veraldlegu gæði sem íslenskt almúgafólk skildi eftir sig.

Áður en hópurinn kvaddi Hala var farið í stutta gönguferð með Fjölni þar sem hann fræddi ráðstefnugesti um staðhætti. Síðan var haldið sem leið lá austur að Kálfafellskirkju þar sem Margaret Cormack flutti fyrirlestur sinn: *Kálfafellsstaður í mál-dögum og þjóðsögum.* En í honum fjallaði Margaret m.a. um líkneski Ólafs helga en Kálfafellskirkja var helguð honum og í henni var lengi vel líkneski hans

sem nú er til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands.

Boðið var upp á hádegisverð á Smyrlabjörgum og í eftirrétt upp á fyrirlestur Júlíönu Þóru Magnúsdóttur: *Þjóðsagnasafnarinn frá Kálfafellsstað. Um Torfhildi Þorsteinsdóttur Hólm og þjóðsagnasöfnun hennar.* Að því loknu var ekið inn Hoffellssand og að Geitarfelli. Þar var stoppað í hreint út sagt stórbrotinni náttúru, boðið upp á kaffisopa og hlustað á fyrirlestur Arnþórs Gunnarssonar sagnfræðings: *Mannlíf, náttúra og ferðamennska í sögulegu ljósi.* Varla hefði verið hægt að finna betri stað til þess að heyra hugmyndir Arnþórs um náttúru, sögu og ferðamennsku en einmitt á þessum fagra stað.

Það kom síðan í hlut Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings að halda síðasta fyrirlestur dagsins, en hann fór fram í Hólmi í Laxárdal í Nesjum þar sem hann sagði frá uppgreftri á bústað frá landnámsöld. Um kvöldið naut hópurinn síðan gestrisni Hornfirðinga sem sannarlega er ekki af verri endanum. Fyrst var boðið upp á smá hressingu í Jöklastrinu á Höfn áður en haldið var til veislu á veitingarstaðnum Humarhöfninni

Sunnudagurinn hófst með morgunmat og síðan með kynningarferð og málstofu í Nýheimum, glæsilegri þekkingar- og menningarmiðstöð Hornfirðinga og nærsveitunga. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur sagði frá tengslum svæðisins við Skriðuklaustur í fyrirlestri sínum: *Skreiðin á Skriðu. Um tengsl milli Fljótsdalshéraðs og Austur-Skaftafellssýslu á miðöldum* og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur flutti fyrirlesturinn: *Svaðilfarir á jökli: Um tengsl milli frásagnar Sigurðar á Kvískerjum og Skugga-Baldurs eftir Sjón.* Eftir stutt kaffihlé, snéru fundarmenn sér að veðrinu og hlýddu á fyrirlestur Eiríks Valdimarssonar þjóðfræðings: *Veðurspár almennings.* Eftirtekt og sjálfsbjargarviðleitni kynslóðanna. Björg Erlingsdóttir menningarstjóri á Höfn endaði síðan dagskránnu með fyrirlestri sínum: *Miðlun munnlegrar hefðar í samtímanum.*

Snæddur var hádegisverður í Nýheimum og að því loknum hélt hópurinn heim á leið í blíðskaparveðri. Var það mat ráðstefnugesta að hún hafði í alla staði gengið mjög vel og allir hefðu skemmt sér hið besta. Eg vil sérstaklega þakka skipuleggjendum ráðstefnunnar þeim Soffíu Auði Birgisdóttur, Írisi Ellenberger og Júlíönu Þóru Magnúsdóttur fyrir þeirra fórnfúsa og góða starf.

Valur Freyr Steinarsson

Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands er prentað hjá Prentmet.

Efni í fréttabréfið má senda á njordur@hive.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands